



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 13. mars 2025

SFS23110086

## TILLAGA

---

### Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um tímabundinn flutning leikskólans Árborgar

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki tímabundinn flutning á starfsemi leikskólans Árborgar, Hlaðbæ 17, 111 Reykjavík og að starfsemin flytjist í Selásskóla að Selásbraut 109, 111 Reykjavík. Gert er ráð fyrir að breytingin nái til sumarsins 2026 eða þar til að framkvæmdum að Hlaðbæ 17 verður lokið. Þá verði öll starfsemi að nýju að Hlaðbæ 17, 111 Reykjavík.

#### **Greinargerð:**

Til stendur að endurbyggja Árborg og er verkið tilbúið í útboð. Áætlað er að verklok verði sumarið 2026. Starfsemin var flutt í Selásskóla árið 2022 þar sem hluti grunnskólahúsnæðis var aðlagður að leikskólastarfseminni.



**Reykjavík**